



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

Sigurður Jónsson <sigurdur.jonsson@efla.is>  
Re: Íþróttasvæði Vopnafjarðar, lýsing fyrir deiliskipulag  
Sent: 23.06.2017 11:50:23 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017060005, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017060005

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag íþróttasvæðis Vopnafjarðar.

Í 68. gr. laga um náttúruvernd segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“ Eins og kemur fram í skipulagslýsingu er skipulagssvæðið utan náttúruverndarsvæða og „innan“ byggðar í Vopnafirði. Náttúrufræðistofnun gerir ekki sérstakar athugasemdir við skipulagslýsingu og telur að í henni sé komið inn á þá þætti sem þarf að taka tillit til við gerð deiliskipulags s.s. vernd náttúruminja almennt, landslags og vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Stofnunin leggur áherslu á að við gerð deiliskipulags verði gert ráð fyrir að framkvæmd þess valdi sem minnstu raski á náttúru svæðisins s.s. jarðminjum og að ekki séu notaðar trjátegundir eða aðrar plöntutegundir sem geti reynst ágengar fyrir náttúru svæðisins.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigurður Jónsson <sigurdur.jonsson@efla.is>  
Dags: 06.06.2017 10:13:40  
Til: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>,  
"sigurdur@minjastofnun.is" <sigurdur@minjastofnun.is>, 'Helga Hreinsdóttir' <haust@haust.is>,  
"ni@ni.is" <ni@ni.is>  
cc: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir <sigurborg@yrki.is>  
Efni: Íþróttasvæði Vopnafjarðar, lýsing fyrir deiliskipulag

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er skipulagslýsing fyrir deiliskipulag íþróttasvæðis Vopnafjarðar til umsagnar.

Óskað er eftir að umsagnir berist eigi síðar en 30. júní 2017.

Kveðja

Sigurður Jónsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vopnafjarðarhrepps

**Sigurður Jónsson**

Byggingarverkfræðingur, C.S.

Civil Engineer, C.S.

Umhverfi og samgöngur

sigurdur.jonsson@efla.is

Tel: +354 4126531

Mobile: +354 665 6531

Fax: +354 412 6001

**EFLA Austurland**

Hafnargötu 28

710 Seyðisfjörður

www.efla.is

[Map](#)

[Fyrirvari/Disclaimer](#)



- V291 B Lýsing fyrir deiliskipulag\_Íþróttasvæði Vopnafjarðar 170529.pdf